

 <p>Lögreglustjórin í Reykjavík Hverfisgötu 113-115, 150 Reykjavík</p>	SKÝRSLA		Mál nr. 010-2005-45973
	Skjal nr.	Bls. nr. 1	
Dagsetning og tími skýrslugerðar Fimmtudagur, 07.09.2006, kl. 14:00 - Fimmtudagur, 07.09.2006, kl. 19:54	Áritun		
Skýrslu gerri 8214 Baldvin Einarsson, lögreglufulltrúi			
Einnig unnu að málinu			

Aukaaðilar - Kærandi

Kennitala 131055-5369	Nafn Þorsteinn Helgi Ingason		Tengsl Kærandi		
Heimili Hátúni 6	Sveitarfélag Reykjavík			Staður 105 Reykjavík - 5	
Heimasími	Vinnusími	Farsími 694-8573	Annar sími	Netfang	Vinnustaður

Þorsteinn Helgi Ingason er mættur til skýrslutóku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um tilefnið, þ.e. kæra hans, dags. 24. nóvember 2005, á hendur Guðjóni Jóhamassyni, innri endurskoðanda KB banka fyrir brot gegn 142. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þorsteini hefur verið kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgðin. Hann er jafnframt áminntur um samsögli.

Þorsteinn segir að forsögu þessa málს megi rekja allt aftur til ársins 1987 en á þeim árum átti hann og rak einkafyrirtækið Stokkfisk Laugum, Reykjadal, og hlutafélagið Stokkfisk að Öxnalaek í Ölfusi. Þar að auki var hann stór hluthafi í Hólmadrangi hf. sem gerði út samnefndan frystitogara frá Hólmavík.

Þorsteinn segir að þessi fyrirtæki hafi verið í miklum viðskiptum við Búnaðarbíankann og hann hafi vegna þeirra verið í reglulegum samskiptum við starfsmenn bankans. Það gerðist hins vegar að samskiptin við bankann stirðnuðu vegna persónlegra samskipta hans við Stefán Pálsson, bankastjóra.

Að sögn Þorsteins leiddu þessi leiðindi þeirra á milli til þess að Stefán léti bankann gera löghald í eignarhluta hans í Hólmadrangi. Til að staðfesta löghaldið fyrir dómi, og til að sýna fram á réttmæti þess, voru fylltir út gamli tryggingarvíxlari til tryggingar þinglýstum afurðaláanasamningum, sem voru ekki í bókhaldi bankans og komu hvergi fram á yfirlitum.

Nánar aðspurður um þetta segir Þorsteinn að þessir þrír víxlar, sem hér um ræðir, hafi verið búnir að renna sitt skeið á enda. Þeir voru allir útgefnið þann 28. nóvember 1984 eða sama dag og hann afhenti þá í bankanum. Fjárhæð þeirra var þó mismundandi og tilgreind í SDR, þ.e. sérstökum dráttarréttindum. Samanlögð fjárhæð víxlanna var hins vegar í íslenskum krónum 8.689.669 kr. miðað við 28. apríl 1987.

Þorsteinn segir að víxlarnir hafi verið lagðir fram af honum til tryggingar þinglýstum afurðaláanasamningum Stokkfisk-fyrirtækjanna og slíkt talið algjört formsatriði. Seinna kom ríkissjóður, eða á árinu 1985, inn í afurðaláanasamningana sem skuldari og greiddi sem slíkur vexti af hluta höfuðstólsins. Það er því útilokað að afurðaláanasamningarnir, sem þessar víxlar áttu að tryggja, hafi verið gjaldfelldir. Vegna þessa hafði bankinn enga heimild til að nota víxlana, hvað þá mörgum árum eftir útgáfudag þegar víxlrétturinn var fallinn niður gagnvart útgefanda og ábeking.

Þorsteinn segir að þrátt fyrir þetta hafi bankinn ranglega sett gjalddaga á þessa gömlu tryggingarvíxla í apríl 1987. Það hefur hins vegar gerst í einkamáli, sem Þorsteinn rekur nú fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að KB Banki hefur lagt fram gögn sem sýna rúmlega 3 milljóna króna heildarvanskil hans og Stokkfisk-fyrirtækjanna í bankanum um haustið 1987. Það er í mótsögn við fyrri staðhæfingar bankans í löghaldsmálínunum að víxlarnir hefðu verið í vanskilum.

Þorsteinn segir að þannig hafi Stefán Pálsson, bankastjóri, látið búa til vanskil sem ekki var skáð í bókhaldi bankans innheimtu. Síðan hafi umræddir tryggingarvíxlari, sem búið var að falsa greiðsludag á, verið notaðir í löghaldsmálínunum til að blekkja með í fögetarétti Strandasýslu og Þingeyjasýslu. Af þeim sökum var umrætt löghald í hans hlut í Hólmadrangi hf. með öllu tilhæfulaust og byggt á fölsuðum gögnum af hálfu bankans.

BS

PT

Þorsteinn er spurður að því hvers vegna hann hafi látið slíkt yfir sig ganga ef þessar fullyrðingar hans eru réttar. Hann segir að honum hafi verið hótað ítrekað af hálfu bankans að gengið yrði á fjölskyldu hans ef hann sætti sig ekki við þetta enda var faðir hans ábekingur á umraeddum víxnum. Þegar hann gaf hins vegar bankanum í skyn að hann sætti sig ekki við lögħaldið, þrátt fyrir þessar hótanir, þá stefndi bankinn fjölda aðila út af tékkum frá honum allt að sex mánuðum aftur í tímum og vísar hann í því sambandi til Hæstaréttarmálsins nr. 27/1989: Búnaðarbanki Íslands gegn skiptaráðandanum í Árnessýslu, f.h. protabús Stokkfisks hf., póst- og símamálastjóra f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Þorsteinn segir að í þessu máli hafi verið um var að ræða fjölda tékka sem hann hafði m.a. afhent Póstgíróstofunni mörgum mánuðum fyrr. Jafnfram voru þar tékkar sem hann hafði notað til að greiða ýmsum sem voru í viðskiptum við hann og Stokkfisk og jafnfram tékkar sem hann hafði greitt laun með. Samkvæmt gögnum málsins hafði bankinn ekki rétt til að innheimta þessa tékka gagnvart framseljendum enda hafði viðkomandi tékkareikningi eða tékkareikningum ekki verið lokað. Þorsteinn segir að þetta hafi því augljóslega verið ólögmæt þvingunaraðgerð af hálfu bankans gagnvart honum.

Þorsteinn segir að þetta sé einungis hluti af þeim þvingunum og hótunum af hálfu bankans, sem Stefán stóð fyrir persónulega gegn honum, og segir að hann muni gera nánari grein fyrir síðar ef ástæða þykir til í málinu.

Þorsteinn segir að það hafi síðan gerst um haustið 1999 að fréttastofa Bylgjunnar sýndi fyrri viðskiptum hans við Búnaðarbankann áhuga og flutti af því fréttir. Það leiddi til þess að Pálmi Jónsson, bankastjóri hjá Búnaðarbankanum, ritaði bréf til fréttastofu Bylgjunnar og Stöðvar 2 þar sem hann setti fram fullyrðingu um tap bankans á viðskiptum við Þorstein.

Þessi ummæli kærði Þorsteinn síðan til Fjármálaeftirlitsins sem brot á bankaleynd með bréfi dags. 3. nóvember 1999, sem leiddi síðan til fyrirspurnar eftirlitsins til bankans með bréfi dags. 12. nóvember sama ár. Því bréfi svaraði bankinn svo með bréfi þann 25. nóvember 1999. Þorsteinn segir að skjalið, sem kæra hans snýst um, beri sömu dagsetningu og þetta bréf. Hann er þess því fullviss að það skjal, undirritað af Öldu Sigmarsdóttur hjá útlánaeftirliti bankans og staðfest af Guðjóni Jóhannssyni, innri endurskoðanda KB Banka, hafi verið útbúið ranglega til þess að fyrir lægi í bankanum einhver gögn sem gætu staðfest að hinn kærðu ummæli væru efnislega rétt.

Þorsteinn kveðst ekki hafa vitað um tilvist þessa skjals fyrr en á fundi í Fjármálaeftirlitinu um sumarið 2000. Var það vegna erindis frá honum er varðaði víxlana. Það var síðan þann 18. júlí sama ár að hann fíkk skjalið afhent með bréfi Fjármálaeftirlitsins ásamt bréfi Búnaðarbankans, dags. 14. febrúar 2000, þar sem bankinn afhendir eftirlitinu skjalið.

Þorsteinn kveðst aðspurður strax hafa gert sér grein fyrir því að þetta skjal á vegum Búnaðarbankans væri ekki sannleikanum samkvæmt og gert og sett fram til þess að blekkja aðra. Nánar um viðbrögð sín kveðst hann hafa átt fund með Árna Tómassyni, bankastjóra, og óskaði þar eftir því að bankinn endurskoðaði þessa útreikninga á skjalinu. Sá fundur leiddi til bréfs til hans frá bankanum, dags. 10. maí 2001, þar sem fram kemur að forstöðumaður lögfræðideildar, Ársæll Hafsteinsson, hdl., og Guðjón Jóhannesson, innri endurskoðandi bankans hafi yfirfarið útreikningana án athugasemda.

Þorsteinn er spurður að því hvað hann hafi fyrir sér í því að þessir útreikningar bankans séu rangir. Hann segir að þessar tölur hafi ekki verið í neinu samræmi við hans hugmyndir hans um skuldirlínir og ekki í neinu samræmi við verðmæti þeirra hlutabréfa í Hólmadrangí sem bankinn hafði tekið með ófrálsri hendi eins og hann hefur lýst hér að framan. Þar að auki hefur hann alltaf talið að bankinn hafi fengið öll afurðalánin, sem hann tók í bankanum, greidd með afurðum og sýna gögn frá ríkisbókhaldi að svo sé. Þau gögn hefur hann lagt fram í málarekstri sínum sem nú er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Aðspurður um hvað hafi næst gerst í málinu segir Þorsteinn að hann hafi ritat bankanum bréf, dags. 18. júní 2001, þar sem hann krefur Búnaðarbankann um gögn og upplýsingar vardandi skjalið og stöðu afurðalána. Framhald málsins leiddi til þess að hann leitaði til úrskurðarnefndar upplýsingamála sem leiddi svo til þess að bankinn afhenti honum m.a. gögn sem sýna án nokkurs vafa að hið kærða skjal sé efnislega falsað.

Meðal þessara gagna eru gögn frá Reiknistofu bankanna um sömu skuldir sem RB geymdi í sínum kerfum.

ØT

BS

Þau gögn sýna að álti Þorsteins að hið kærða skjal er án nokkurs vafa efnislega falsað er varðar dráttarvaxtaútreikninginn. Einnig lagði Búnaðarbankinn fram gögn úr sínum kerfum sem eru í samræmi við gögn Reiknistofunnar. Þar að auki lagði bankinn fram útreikninga, sem eru falsaðir að álti Þorsteins, og eiga að styðja þá dráttarvexti sem koma á hinu kærða skjali.

Aðspurður um það hvernig hann geti rökstutt þessar fyllyrðingar sínar með gögnum kveðst Þorsteinn í því sambandi m.a. hafa leitað til manns sem er með mikla bókhaldsþekkingu. Þessi aðili, sem Þorsteinn veit ekki hvort hann megi nafngreina, tók saman skýringar á skjali dagsettu 23. október 2003 sem sýnir fram á rangfærslur í hinu kærða skjali frá útlánaeftirliti Búnaðarbanka Íslands hf., dags. 25. nóvember 1999. Við þá vinnu studdist þessi aðili við gögnin frá Reiknistofu bankanna. Þar kemur m.a. fram að umrædd afurðalán fóru ekki í "vaxtastopp" á árinu 1990, eins og bankinn heldur fram í hinum fölsuðu skjölum, heldur árinu 1993 að beiðni Stefáns Pálsson eins og fram kemur í gögnum frá RB. Þar að auki segir Þorsteinn að bankinn hafi ekki sinnt því að skuldajafna þegar greiðslur bárust eins og honum bar skylda til.

Þorsteinn segir að það hafi síðan gerst að hann lagði hið kærða skjal fram í skaðabótamáli sem hann höfðaði á hendur hendur bankanum á árinu 2001 (mál nr. E-13347/2001). Vegna þessa málareksturs hefur Þorsteinn itrekað farið fram á það við bankann að hið kærða skjal verði leiðrétt svo héraðsdómur hafi rétt gögn til grundvallar dóms.

Í bréfi, dags. 11. desember 2003, fór hann síðan þess á leit við stjórnarmenn í KB Banka að þeir sæu til þess að hið ranga skjal verði leiðrétt á grundvelli þeirra gagna sem bankinn afhenti að kröfum úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Enn fremur óskaði hann eftir því að þeir aðilar, sem hefðu hið ranga skjal undir höndum, þ.e. Fjármálaeftirlitið og Héraðsdómur Reykjavíkur, fengju nýja útreikninga í hendur. Með þessu bréfi fylgdu framangreindar skýringar frá 23. október 2003.

Þorsteinn segir að í framhaldi af þessu hafi hann gert Fjármálaeftirlitinu grein fyrir erindi sínu til stjórnarmanna bankans og leiddi það til þess að eftirlitið ritaði Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni KB Banka, bréf þann 16. desember 2003. Þar kemur skýrt fram að hið kærða skjal barst Fjármálaeftirlitinu frá bankanum sem svar við fyrirspurn.

Þorsteinn segir að í bréfi til Fjármálaeftirlitsins, dags. 30. desember 2003, hafi hann lýst símtali sínu við Helga Sigurðsson, aðallögfræðing KB Banka þar sem fram kom að stjórn bankans yrði ekki við ósk hans um að leiðréttu skjalið. Síðan gengu ýmis bréf á milli hans og bankans sem Fjármálaeftirlitið félkk afrit af. Í bréfi þann 19. janúar 2004 lýsti hann því síðan yfir við Fjármálaeftirlitið að hann myndi fella niður skaðabótamálið á hendur bankanum þar sem bankinn hafði krafist aðalmeðferðar fyrir héraðsdómi án þess að leiðréttu hið kærða skjal.

Þorsteinn segir að þegar hann hafði fellt niður málið krafðist bankinn málskostnaðar. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði síðan þann 28. janúar 2004 að hann skyldi greiða bankanum 80.000 krónur í slíkan kostnað. Þorsteinn undi niðurstöðu héraðsdóms hvað þennan málskostnað varðaði en bankinn ákvað að kæra þann úrskurð til Hæstaréttar. Með ákvörðun sinni um að kæra fór skjalið fyrir Hæstarétt Íslands án þess að bankinn gerði Hæstarétti grein fyrir að efni skjalsins hafði verið vífengt.

Þorsteinn segir að stjórnarmönnum bankans hafi verið það ljóst að hið kærða skjal bærist Hæstarétti enda var þessu sérstaklega lýst í bréfi hans til Fjármálaeftirlitsins, dags. 24. febrúar 2004, sem stjórnarmenn bankans fengu afrit af. Þorsteinn bendir jafnframt á í því sambandi að Fjármálaeftirlitið rökstýður sína aðkomu að málínú í bréfi til bankans, dags. 26. nóvember 2004, með vísun til bréfsins frá 24. febrúar 2004. Þorsteinn segir þessi gögn sanna að stjórn bankans var fullkunnugt um að hið ranga skjal yrði nýtt af hálfu bankans í máli fyrir Hæstarétti Íslands. Dómur var síðan kveðinn upp í því máli (HRD 79/2004) og Þorsteini gert að greiða bankanum 350.000 krónur auk 100.000 kr. í kærumálskostnað. Með þessu telur Þorsteinn að stjórnarmenn bankans beri ábyrgð á refsiverðri notkun skjalsins fyrir domi.

Þorsteinn segir að það síðast sem hefur gerst í þessu máli af hálfu bankans sé tölvupóstur sem var sendur til fjölmíðla í kjölfar blaðaumfjöllunar um þetta mál í júlí sl. Í því sambandi leggur Þorsteinn fram tölvupóst frá Benedikt Sigurðssyni hjá KB Banka, dags. 18. júlí sl. Þorsteinn bendir sérstaklega á setninguna "Fjármálaeftirlitið hefur haft það til skoðunar og telur ekki tilefni til að aðhafast í málínú". Með þessu telur

Þorsteinn að bankinn sé hugsanlega að brjóta gegn 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaufyrirtæki en þar kemur fram að hver sá sem vísvitandi gefur rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálaufyrirtækis eða annað það er það varðar opinberlega skulu sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Það rétta er að Fjármálaeftirlitið hefur sett fram í bréfi, dags. 18. mars 2005, athugsemdir við KB Banka varðandi hið kærða skjal. Þetta kemur ekki fram í umræddum tölvupósti bankans til fjölmíðlanna og gefur því bankinn þannig ranglega í skyn að Fjármálaeftirlitið hafi ekkert gert í málinu. Það rétta er að álti Þorsteins að eftirlitið hafi beitt öllum þeim lagaúrræðum sem það hefur yfir að ráða með umræddri athugasemdir. Hann telur jafnframt yfir allan vafa hafið að bankinn eigi að bregðast við þessari athugasemd Fjármálaeftirlitsins en hafi ekki gert það.


Aðspurður um fjárhagslega hagsmuni í þessu máli segir Þorsteinn að það varði hann mjög miklu að geta notað rétt gögn í skaðabótamáli sínu sem hann rekur nú gegn KB Banka fyrir dómsólum. Stefnumrafa í því máli, studd af dómkvöldum matsmönnum, er upp á 500.000.  Jafnframt er gerð krafa um vexti og verðbætur frá 28. nóvember 1997.

Að lokum ítrekar Þorsteinn kæru sína frá 24. nóvember 2005 og krefst þess að mál þetta verði rannsakað og hinum seka/seku refsað lögum samkvæmt, bæði fyrir notkun hins ranga skjals í samskiptum við Fjármálaeftirlitið sem og fyrir Hæstarétti Íslands. Þar að auki krefst hann þess að hið meinta brot gegn 106. gr. laga um fjármálaufyrirtæki verið rannsakað og hinum seka/seku refsað lögum samkvæmt fyrir þá röngu yfirlýsingu um hagi KB banka sem er að finna í áðurgreindri fréttatilkynningu bankans í formi tölvupósts til fjölmíðla þann 18. júlí sl.

Staður: Hverfisgötu 113-115

Dags. 07.09.2006 19:55:52

Skýrsluritari


Baldvin Einarsson

Vitni


Þorsteinn Helgi Ingason

 Lögreglustjóriinn í Reykjavík Hverfisgötu 113-115, 150 Reykjavík	SKÝRSLA <i>Skjal nr.</i> 010-2005-45973 <i>Áritun</i> 1
<i>Dagsetning og tími skýrslugardar</i> Fimmtudagur, 26.10.2006, kl. 13:35 - Fimmtudagur, 26.10.2006, kl. 18:42	
<i>Skýrslu gerir</i> 8214 Baldvin Einarsson, lögreglufulltrúi	
<i>Einnig unnu að málinu</i>	

Aukaaðilar - Kærandi

Kennitala 131055-5369	Nafn Þorsteinn Helgi Ingason		Tengsl Kærandi		
Heimili Hátúni 6	Sveitarfélag Reykjavík			Stadur 105 Reykjavík - 5	
Heimasími	Vinnusími	Farsími 694-8573	Annar sími	Netfang	Vinnustaður

Þorsteinn Helgi Ingason er mættur til skýrslutöku að eigin ósk til að bæta við framburð sinn frá 7. september sl. Í fyrsta lagi vill hann skýra nánar frá því hvernig hann veit að bankinn hafði haft rétt gögn undir höndum þegar hið vífengda skjal var útbúið. Í öðru lagi vill hann skýra hvers vegna Fjármálaeftirlitið hafi ekki vísað málunum til löggreglunnar og í þriðja lagi vill hann rökstyðja betur ásakanir sínar hvað ranga fréttatilkynningu bankans.

Þorsteini er kunn vitnaskyldan og -ábyrgðin. Hann er jafnframt áminntur um sannsögli.


Þorsteinn leggur fram ljósrit af reikningsyfirliti nr. 1 frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, vegna vanskilaláns nr. 8 hjá Stokkfiski, kt. 411080-0649, fyrir tímabilið 12.02.1993 til 31.12.1993. Samkvæmt því er staða afurðaláns neikvæð sem nemur 15.832.277 kr. Á sama ljósriti er einnig að finna AL-skilagrein frá sama banka, dags. 1. mars 1993, vegna afurðaláns nr. 0301-78-1-453000 upp á 177.728 SDR. Í vinstra horni þeirra skilagreinar er stimpill bankans til staðfestingar millifærslu.

Þorsteinn segir að þessi gögn sanni að hið vífengda skjal frá 25. nóvember 1999 sé rangt hvað varðar dráttarvaxtaútreikninginn sem er samtals 45.631.274 kr. Jafnframt telur hann fullvist að þeir starfsmenn bankans, sem útbjuggu og undirrituðu hið vífengda skjal, hafi verið með fullan aðgang að þessum gögnum enda hljóti aðilar í þeim störfum innan bankans að hafa aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum úr bókhaldi hans vegna starfa sinna.

Þessu til stuðnings bendir Þorsteinn á dagsetningu og gengi AL-skilagreinarinnar, þ.e. annars vegar 1. mars 1993 og hins vegar 89,0815. Hann segir að þessar upplýsingar passi miðað við gengisskráningu í mars 1993, þá hafi meðalgengi SDR verið um 89,7 samkvæmt upplýsingum Seðlabankans. Þar að leiðandi er niðurstöðutanlan á lárinu væntanlega rétt þegar búið er að gengisrekna það eða 15.832.277 kr. enda í samræmi við gögn frá Reiknistofu bankanna.

Þorsteinn bendir jafnframt á að samkvæmt umræddri skilagrein hafi vaxtagur lánsins verið 21. febrúar 1993. Þá hafi vextirmir verið færðir yfir á sérstakt vaxtalán í íslenskum krónum en ekki í SDR. Til skýringar þessu fyrirkomulagi vísar Þorsteinn til bréfs stjórnar KB Banka til hans, dags. 4. febrúar 2004, en það bréf var svar stjórnar bankans við beiðni hans um leiðréttingu vífengda skjalsins fra 11. desember 2003. Þorsteinn segir að í þessu svari stjórnar bankans er m.a. komið inn á það hvernig slik vaxtalán skuli meðhöndlast við útreikninga á vaxtagrósentu. Með þessu hafi stjórn bankans í raun staðfest fullyrðingar hans um að umrætt lán hafi borið samningsvexti á sama tíma og dráttarvextir voru reiknaðir á það samkvæmt hinu vífengda skjali.

Þorsteinn bendir einnig á að síðasta hreyfing lánsins verið þann 22. september 1992. Afurðalánið var síðan greitt upp og sett í vaxtafrystingu að beiðni Stefáns Pálssonar, bankastjóra, kl. 10:08 þann 1. mars 1993. Þá fyrst hætti lánið að bera sammingsvexti. Hins vegar er visvitandi miðað við rangar forsendur í hinu vífengda skjali hvað varðar vaxtaútreikning þessa láns en þar er gert ráð fyrir að lánið hafi farið í vaxtastopp við flutning í nýtt afurðalánakerfi í byrjun árs 1990. Til að bæta gráu ofan á svart er því einnig haldið fram að þetta gæti hafa verið mun fyrir en gögnum allt til ársins 1991 hafi verið eytt. Þorsteinn segir það rétta vera að umrætt lán var ekki gert upp fyrir en 1. mars 1993 eins og kemur fram í umræddum gögnum frá bankanum.




Þorsteinn er spurður að því hvers vegna hann geti haldið því fram að umræddir starfsmenn bankans, þau Alda Sigurmarsdóttir og Guðjón Jóhannesson, hafi gegn betri vitund útbúið umrætt skjal með röngum vaxtaútreikningi.

Þorsteinn segir að gögn sem voru lögð fram af hálfu bankans hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál renni stoðum undir þessar ásakanir hans. Um er að ræða útprentanir frá bankanum, einhvers konar upplýsingar um skuldabréf sem eiga að styðja þessa vaxtaútreikninga bankans. Vaxtadagar, sem miðað er við í þessum útreikningum, eru mismunandi og m.a. ekkert í samræmi áðurgreindar dagsetningar á gögnum er varða uppgreiðslu AL-lánsins. Þorsteinn vill meina að þessir dagar séu valdir gagngert til að láta niðurstöðutölur ganga upp miðað við dráttarvaxtaútreikninginn eins og hann er á hinu végfengda skjali. Með öðrum orðum vill hann meina að þessi gögn séu tilbúningur af hálfu KB Banka til að verða við kröfum úrskurðarnefndarinnar um framvísun gagna.

Nánar um það hvort bankinn sé vísitandi að halda fram röngum vaxtaútreikningi segir Þorsteinn að þáverandi aðalbankastjóri Búnaðarbankans, Árni Tómasson, hafi samþykkt að láta yfirfara umrædda vaxtaútreikninga og þau gögn sem að baki þeim lágu. Niðurstöðu þeirra úttektar er að finna í bréfi þeirra Ársæls Hafsteinssonar, hdl. og forstöðumanns lögfræðideilda, og Guðjóns Jóhannessonar, innri endurskoðanda bankans, dags. 10. maí 2001, en þar segjast þeir hafa yfirfarið útreikningana án athugasemda.

Aðspurður nánar um þetta segir Þorsteinn að þetta hljóti að sanna að Guðjón er ítrekað að yfirfara þessa útreikninga Öldu án þess að fyrir lægu bókhaldsgögn sem sýndu að þeir væru réttir. Í því sambandi vísar hann til bréfs sem Árni Tómasson bankastjóri ritaði fyrir hönd þáverandi bankaráðsformanns, dags. 10. september 2002. Þar kemur m.a. fram að Alda hafi verið með fjölmarga fyrirvara í sínu minnisblaði sem gefi til kynna að forsendur útreikninganna væru ekki byggðar á traustum bókhaldsgögnum. Þorsteinn að þrátt fyrir þessa almennu vitneskju innan bankans hafi Guðjón ítrekað staðfest að útreikningarnir væru réttir.

Þorsteinn er spurður að því hvort Guðjón hafi ekki verið að staðfesta þessa útreikninga á sömu forsendum og Alda, enda ritar hann undir hið végfengda skjal ásamt henni þar sem þessir fyrirvarar koma fram.

Þorsteinn segir að Guðjón hafi sem innri endurskoðandi bankans staðfest án nokkurra fyrirvara að þessir útreikningar væru réttir hjá Öldu. Þar að auki staðfestir hann þessa útreikninga aftur með annarri yfirferð, sbr. áðurgreint bréf frá 10. maí 2001, þrátt fyrir að hann væri búinn að benda bankanum á að forsendur útreikninganna væru rangir og ekki væri stuðst við bókhaldsgögn.

Þorsteinn er spurður að því hvort einhverjar forsendur hafi breyst í málinu frá 25. nóvember 1999, þegar umrætt skjal var undirritað, þangað til 10. maí 2001, þegar Guðjón staðfesti útreikningana að nýju, sem kalli á breytta afstöðu af hálfu Guðjóns til þeirra.

Þorsteinn kveðst ekki geta sannað að Guðjóni hafi í millitíðinni átt að vera það ljóst að ekki væru réttar forsendur fyrir umræddum vaxtaútreikningi. Hins vegar er hann þess sannfærður að Guðjón hafi vitað strax í upphafi að svo væri ekki. Þorsteinn kveðst jafnframt í millitíðinni hafa ítrekað leitað til ýmissa aðila innan bankans til að fá gögn að baki útreikningunum og í þeim samskiptum látið berlega í ljós alit sitt á því að umrætt skjal væri rangt enda ekki grundvallað á gögnum. Þar að auki hafði Fjármálaeftirlitið brýnt það fyrir Búnaðarbankanum með bréfi dags. 2. maí 2000 að gæta nákvæmni í upplýsingagjöf um viðskipti sín og varðveislu gagna. Guðjón átti því að mati Þorsteins að taka sérstakt tillit til þessarar ábendingar Fjármálaeftirlitsins sem innri endurskoðandi bankans.

Hvað varðar lið tvö í tilefni skýrslutökunnar segir Þorsteinn að til að Fjármálaeftirlitið geti beitt sínum úrræðum gagnvart bankanum til leiðréttингar skjalsins þarf að liggja fyrir einhvers konar niðurstaða um að skjalið sé rangt. Fjármálaeftirlitið hefur ekki frekari heimildir í þeim efnum fyrr en einhvers konar niðurstaða liggur fyrir um áreiðanleika skjalsins og útreikninganna. Það sé því honum nauðsynlegt að fá úr þessu skorið með löggreglurannsókn. Þar að auki er útilokað fyrir hann að reka einkamál sitt á hendur bankanum fyrir dólmstólum fyrr en þessi niðurstaða liggur fyrir.

Hvað varðar þriðja tilefni þessarar skýrslugjafar, þ.e. að hann vilji rökstyðja betur ásakanir sínar um ranga fréttatilkynningu bankans, segir Þorsteinn að það komi skýrt fram í bréfi Fjármálaeftirlitsins til lögreglustjórans

í Reykjavík, dags. 15. maí 2005, að eftirlitið hafi gert það sem hlutverk þess stæði til. Hins vegar hafi bankinn ekki brugðist við athugasemdum Fjármálaeftirlitsins og það hafi ekki frekari úrræði fyrir en niðurstaða liggi fyrir í þessari lögreglurannsókn. Bankinn heldur því hins vegar ranglega fram í fréttatilkynningunni frá 18. júlí sl. að Fjármálaeftirlitið hafi haft þetta mál til skoðunar og það telji ekki tilefni til að aðhafast í málinu. Þetta er því efnislega röng fréttatilkynning að álti Þorsteins.

Aðspurður kveðst Þorsteinn fyrst hafa stefnt bankanum til greiðslu bóta á árinu 2001. Síðan hafi hann stefnt bankanum á árinu 2004 og tvísvar 2005. Í þessum þremur skiptum 2004 og 2005 bauðst hann til að setja málskostnaðartryggingu að kröfu bankans ef bankinn leiðrétti hið végfenga skjal. Þar sem KB banki varð ekki við því felldi Þorsteinn málid niður í öll þrjú skiptin enda taldi ófært að reka málid nema efnislega rétt skjöl væru í því. Þegar hann stefndi málinu síðan inn þann 1. júní sl. félst dómurinn ekki á kröfu bankans um málskostnaðartryggingu. Hins vegar félst hann á kröfu Þorsteins um að málinu yrði frestað til 20. desember nk. með vísan til þess að málid hafi verið kært til lögreglu.

Þorsteinn er spurður að því hvers vegna hann hafi ekki lagt fram þau gögn fyrir héraðsdómi sem sýni fram á að umræddir vaxtaútreikningar séu rangir en þessi gögn fékk hann á árinu 2002, þ.e. frá úrskurðarnefndinni.

Hann segir að végfengda skjalið hafi verið sent Fjármálaeftirlitinu sem hluta af svari við fyrirspurn og trúverðugleiki þess því meira en ella. Þorsteinn telur jafnframt að dómarar Héraðsdóms Reykjavíkur, séu seinir til að trúá því að fjármálastofnun eins og KB banki, sem starfar á alþjóðavísu, haldi fram efnislega röngum skjólum. Þar að auki sé erfitt að rannsaka þetta til hlýtar fyrir domi án undangenginnar lögreglurannsóknar.

Staður: Hverfisgötu 113-115

Dags. 26.10.2006 18:43:08

Skyrsluritari

Baldvin Einarsson

Staðfest

Porsteinn Helgi Ingason



Lögreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgata 113 - 115, 101 Reykjavík - 1

SKÝRSLA

Mál nr.
010-2005-045973
Skjal nr.
1
Bls. nr.
1

Dagsetning og tími skýrslugerðar
Mánuðagur, 11.02.2008, kl. 13:05
Skýrslu gerir
8214 Baldvin Einarsson, lögreglufulltrúi
Einnig unnu að málunu

Áritun

Aukaðilar - Kærandi

Kennitala 131055-5369	Nafn Þorsteinn Helgi Ingason	Tengsi Kærandi
Heimili Hátúni 6	Sveitarfélag Reykjavík	Stadur 105 Reykjavík - 5
Heimasimi	Vinnusími Farsími 694-8573	Farsími Annar sími Netfang Vinnustæður

Þorsteinn Helgi Ingason er kominn á skrifstofu rannsóknardeilda til að leggja fram ný gögn vegna kæru sinnar, dags. 24. nóvember 2005, á hendur Guðjóni Jóhannssyni, innri endurskoðanda KB banka fyrir brot gegn 142. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2006, var rannsókn málsins hætt á grundvelli 76. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og staðfesti ríkissaksóknari þá ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík með bréfi dags. 4. desember sama ár. Hins vegar þykir rétt að taka þessa skýrsu í ljósi þess að Þorsteinn telur sig geta lagt fram gögn sem renni frekari stoðum undir kæruna. Er það að höfðu samráði við Karl Inga Vilbergsson, aðstoðarsaksóknara á ákærusviði LRH.

Þorsteini er kunnugt um vitnaskylduna og vitnaábyrgðina. Hann er jafnframt áminntur um sannsögli.

Þorsteinn leggur fram eftirfarandi gögn:

- Yfirlit um héraðsdómsmál Þorsteins Ingasonar gegn Búnaðarbanka Íslands hf., dags. 8. janúar 2003, stílað á Árna Tómasson hjá Búnaðarbanka Íslands hf. og undirritað af þeim Baldvini Birni Haraldssyni og Einari Baldvini Árnasyni héraðsdómslögmönnum hjá Landwell, Skógarhlíð 12, Rvk.
- Kaupsamningur um hlutafé milli íslenska ríkisins og Eglu hf., Samvinnulífeyrissjóðsins, Vátryggingarfélags Íslands hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar, gerður 16. janúar 2003.
- Yfirlit úr skjalasafni framkvæmdaneftirlitsins um einkavæðingu vegna sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.
- Bréf Fjármálaeftirlitsins, dags. 13. nóvember 2006, til Þorsteins Ingasonar vegna skjals frá Búnaðarbanka Íslands hf., dags. 25. nóvember 1999.
- Beiðni um vitnamál vegna Hæstaréttarmálsins nr. 277/1988, dags. 13. september 1989, stílað á yfirborgardómara, undirritað af Haraldi Blöndal hrl., ásamt ljósriti af dómsgerð í sama máli, staðfest 24. október 1989.
- Stefna, lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 20. september 1994. Stefnandi er Búnaðarbanksi Íslands, stefndu eru Framsóknarflokkurinn, Haukur Ingbergsson, Hákon Sigurgrímsson og Þorsteinn Ingason.
- Geisladiskur með ljósmyndum af þremur tryggingarvíxlum sem eru í vörsu Þjóðskjalasafns Íslands (afrit gert af geisladiski merktur þjóðskjalasafninu).

Þorsteinn telur að áðurgreind gögn renni frekari stoðum undir hans ásakanir um að hið efnislega falsaða skjal, sem hann segir mál þetta snúast um, hafi verið útbúið í blekkingarskyni að beiðni Stefáns Pálssonar, þáverandi bankastjóra hjá Búnaðarbanka Íslands hf., til að blekkja Fjármálaeftirlitið. Jafnframt þessu myndi

bankinn byggja efnislega rétt sinn á skjalinu í því einkamáli, sem hann hefur rekið gagnvart bankanum, það er að segja ef bankinn tapaði málinu, það yrði óhjákvæmilegt að nota skjalið í slíku uppgjöri fyrir dólmstólum, kröfur bankans á hendur honum yrði dregnar frá hans kröfum. Þetta yrði þrátt fyrir hans beiðni um leiðréttingu á þeim ranga útreikningi sem þar er að finna. Þar að auki hefur skjalið beint eða óbeint verið notað í söluferli bankans, þar sem kröfur hans og gagnkröfur bankans á hendur honum voru þar vagnar og metnar. Telur hann að framangreind gögn styðji þá fullyrðingu berlega.

Nánar um beiðni sína um leiðréttingu á vífengda skjalinu segir Þorsteinn að aðallögfræðingur bankans, Helgi Sigurðsson, hafi greint honum frá því í símtali þann 29. desember 2003 að stjórn bankans yrði ekki við henni. Var það þrátt fyrir að hans erindi til stjórnarinnar hafi verið skriflegt. Hann hafi því tilkynnt sjálfur Fjármálaefstirlitnu um þessa niðurstöðu í bréfi, dags. 30. desember sama ár. Stjórn bankans fékk afrit af bréfinu þannig að það er ljóst að stjórmarmenn bankans vilja byggja rétt hans á umræddu skjali þótt það sé efnislega rangt.

Hvað varðar þau gögn, sem Þorsteinn hefur nú lagt fram, segir hann að yfirlitið í tölulið 1 hér að framan sé lögfræðiálit sem hafi verið útbúið í söluferli bankans og lagt fram 8. janúar 2003 í einkavæðingarnefnd. Eins og það ber með sér varðar það eingöngu kröfu hans á hendur bankanum og það einkamál sem hann hafði þingfest gagnvart bankanum 18. desember 2001.

Nánar um þetta skjal segir Þorsteinn að það hafi verið gert í framhaldi af áreiðanleikakönnun sem PricewaterhouseCoopers ehf. (PWC) og Landwell gerðu vegna sölu bankans. Þar kemur fram í samantekt í IV. kafla yfirlitsins að héraðsdómslögmannirnir, sem rita undir yfirlitið, geti ekki gefið álit sitt á því hver séu líklegustu úrslit málsins. Þorsteinn vill meina með þessu að sé það ljóst að tekið hafi verið tillit til hans kröfu á hendur bankanum við sölnuna, þeir sem hafi keypt hafi með einum eða öðrum hætti vitað af málinu og þannig gert ráð fyrir þessu inni í sínum upphaflegu tilboðum í bankann. Hins vegar er ekki hægt að lesa út úr kaupsamningnum með hvaða hætti þetta var gert (sjá tölulið 2 hér að framan). Þar að leiðandi gat Ríkisendurskoðun ekki séð þetta þegar sú stofnun fór yfir sölu bankans á sínum tíma.

Nánar aðspurður um þetta segir Þorsteinn að kaupendur bankans hafi gert ráð fyrir því strax í upphafi söluferilsins að nota þessar kröfur hans á hendur bankanum til lækkunar á kaupverði eða sér til ávinnings með öðrum hætti. Það hafi hins vegar verið gert fremur óformlega og komi þar af leiðandi hvergi fram nema í áðurgreindu yfirliti eða lögfræðiáli í tölulið 1, sem hafi reyndar verið eina skjalið sem barst inn í söluferilinn eftir áreiðanleikakönnunina þann 23. desember 2002, samkvæmt yfirliti úr skjalasafni framkvæmdanefndar um einkavæðingu vegna sölu bankans (sjá tölulið 3 hér að framan). Síðan hafi verið skrifað undir kaupsamninginn 16. janúar 2003.

Hvað varðar vitneskjú kaupenda Búnaðarbanks um málarekstur hans á hendur bankanum segir Þorsteinn að hann hafi á sínum tíma skrifað tilneyddur sem sjálfskuldarábyrgðaraðili upp á skuldabréf fyrir Framsóknarflokkinn (sjá stefnu í tölulið 6). Nánar um þetta segir Þorsteinn að hann hafi í fyrstu harðoneitað að skrifa upp á skuldabréfið þar sem skiptum á protabúi hans var ekki lokið. Þetta hafi komið fram með skýrum hætti í samskiptum hans við þáverandi framkvæmdastjóra flokksins. Þar að auki vissi þáverandi gjaldkeri flokksins, Finnur Ingólfsson, um hans gjaldprotameðferð. Einnig telur Þorsteinn fullvist að þáverandi formaður flokksins, Halldór Ásgrímsson, hafi einnig vitað um gjaldprotamálið sem og ástæður þess að Þorsteinn hafði verið gerður gjaldþrota, þ.e. vegna þess að Búnaðarbanks hafði tekið fram gamla tryggingarvíxla á hendur honum og falsað gjalddaga á þá (sjá tölulið 7 hér að framan). Jafnframt þessu fékk Þorsteinn skýr skilaboð frá Búnaðarbanks, í gegnum Finn Ingólfsson, að ef hann skrifaði ekki upp á skuldabréfið yrði flokkurinn gerður gjaldþrota.

Aðspurður um það hvernig Þorsteinn tengir þetta við hið ætlaða sakarefni segir hann að þetta sé allt saman einn ferill, þ.e. frá því að víxlarnir voru fylltir út með ólögmætum og refsiverðum hætti, og þangað til hann var gerður gjaldþrota og hið vífengda skjal var notað gegn honum í hans málarekstri á hendur bankanum. Þessu til stuðning bendir Þorsteinn á beiðni Haraldar Blöndal, hrl., um vitnamál vegna Hæstaréttarmálsins nr. 277/1988 í tölulið 5 hér að framan en hann var þá lögmaður protabús Þorsteins. Einhverra hluta vegna varð aldrei úr þeim vitnaleiðslum nema hvað Þorsteinn mætti einn og bar þar vitni. Vill Þorsteinn meina að bankinn hafi komið sér með einum eða öðrum hætti undan þessari vitnaleiðslu og því sé með öllu óviðunandi að bankinn haldi því fram í dag að Hæstaréttur hafi dæmt um öll atriði þessara víxla þar sem bankinn upplýsti

CB
PJ

ekki Hæstarétt á hvaða grundvelli þeir voru fylltir út.

Nánar um það hvernig þetta atriði tengist sakarefninu segir Þorsteinn að í framhaldi af þessu hafi bankinn gripið til þess ráðs að búa til efnislega rangt skjal, sem hér er til umfjöllunar, eingöngu til þess að réttlæta allan þennan feril, þ.e. til að sýna Fjármálaeftirlitinu með óyggjandi hætti að bankinn hafi tapað á viðskiptum við hann.

Þorsteinn er spurður að því hvernig uppáskrifin fyrir Framsóknarflokkinn tengist þessu hjá bankanum. Hann kveðst ekki geta fullyrt hver var hugmyndin af hálfu bankans, þ.e. að krefjast þess að hann myndi skrifa upp á sem ábyrgðarmaður, en eðli máls samkvæmt gat það ekki snúist um tryggingu af hans hálfu enda skiptum í þrotabúi hans ekki lokið. Þetta hafi hins vegar virkað á hann þannig að hann gat hvergi hreyft sig gagnvart bankanum öðru vísni en að draga flokkinn inn í það dæmi, hann hafi verið kominn gjaldþrota maðurinn á lán fyrir flokkinn hjá Búnaðarbánknum sem stæði að baki gjaldþrotinu.

Nánar um þessar ábyrgðir segir Þorsteinn að hann hafi verið mjög ósáttur við þetta og varað menn við því að þeir væru hugsanlega að þvinga hann til lögbrota. Sérstaklega aðspurður segir Þorsteinn að það hafi verið bankinn og flokkurinn sem hafi verið að þessu, en þó aðallega bankinn.

Þorsteinn er spurður að því hvernig hann geti fullyrt að bankinn hafi staðið að baki þessum þvingunum þar sem það hafi verið þáverandi framkvæmdastjóri flokksins og gjaldkeri sem báðu hann um þetta.

Hann ítrekar að hann hafi fengið skýr skilaboð í gegnum Finn Ingólfsson, þáverandi gjaldkera flokksins, frá Stefáni Pálssyni, að ef hann myndi ekki skrifa upp á yrði flokkurinn gerður gjaldþrota. Þar að auki vissi formaður flokksins af gjaldþroti hans, og ástaðum þess, og það var því andstætt öllum rökum að hann væri að gangast í ábyrgðir fyrir flokkinn nema þá að kröfу bankans og þá sem einhvers konar þvingunaraðgerð.

Samkvæmt framansögðu segir Þorsteinn það hljóti að vera augljóst að bankinn ætli að halda sig við að skjalið sé rétt efnislega þótt hið gagnstæða sé augljóst. Það séu því mjög miklir hagsmunir fyrir hann að efni skjalsins sé borið saman við gögn Reiknistofu bankanna um sömu viðskipti og þannig sé hægt að komast að endanlegri niðurstöðu hvað sé rétt í þessu máli. Það sé jafnframt með öllu óásættanlegt að stjórn Kaupþings banka hf. hafni að leiðréttu efnislega röngu skjali sem var notað hjá Fjármálaeftirlitinu og fyrir dómstólum og það sé útilokað að bankastarfsmenn geti framvísað slíkum skjölum, gegn betri vitund, þeim að refsilausu.

Í því efni yíesar Þorsteinn til bréfs Fjármálaeftirlitsins í tölulið 4 hér að framan, dags. 13. nóvember 2006, en þar kemur skýrt fram að hið vefsenga skjal var sent eftirlitinu í framhaldi af fundi starfsmanna þess með Stefáni Pálssyni, aðalbankastjóra Búnaðarbánka Íslands, og svo er að skilja á nefndu svarbréfi eftirlitsins að skjalið hafi verið sent til að styðja það sem þar hafi komið fram af hálfu Stefáns. Þar af leiðandi hafi bankinn beinlínis notað þetta efnislega ranga skjal til að rökstyðja þær fullyrðingar að hann hafi tapað á viðskiptum við Þorsteini en ekki öfugt. Þannig hafi bankinn byggt efnislegan rétt sinn á grundvelli skjalsins, bæði gagnvart Fjármálaeftirlitinu og síðar gagnvart Þorsteini sjálfum í einkamáli. Þannig telur Þorsteinn að hér sé um að ræða skjal í skilningi XVII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Hann gerir því þá kröfу að mál þetta verði tekið aftur til rannsóknar hjá lögreglu á grundvelli hinna nýju gagna og þessarar skýrslu.

Staður: Hverfisgata 113 - 115

Dags. 11.02.2008 18:41

Skýrsluritári

Baldvin Einarsson

Staðfest

Þorsteinn Helgi Ingason



15.02.2008

Staðf. l. j. esin
Baldvin

 <p>Lögreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu Hverfisgata 113 - 115, 101 Reykjavík - 1</p>	SKÝRSLA	
	<i>Skjal nr.</i>	<i>Mál nr.</i> 010-2005-045973
Dagsetning og tími skýrslugerðar Föstudagur, 06.06.2008, kl.09:30	<i>Áritun</i>	
Skýrslu gerir 8214 Baldvin Einarsson, lögreglufulltrúi		
Einnig unnu eð málina		

Aukaaðilar - Kærandi

<i>Kennitala</i> 131055-5369	<i>Nafn</i> Þorsteinn Helgi Ingason	<i>Tengsl</i> Kærandi		
<i>Heimili</i> Hátúni 6		<i>Sveitarfélag</i> Reykjavík	<i>Stadur</i> 105 Reykjavík - 5	
<i>Heimasími</i>	<i>Vinnusími</i>	<i>Farsími</i> 694-8573	<i>Annar sími</i>	<i>Netfang</i>

Þorsteinn Helgi Ingason er mættur að eigin ósk til að gefa skýrslu vegna starfsháttar lögreglunnar við rannsókn á kæru hans á hendur Guðjóni Jóhannssyni, innri endurskoðanda KB-banka, fyrir ætlað brot gegn 142. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Fyrir liggur bréf frá Þorsteini til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 29. maí 2008, þar sem hann fer fram á þetta. Skýrslutaka þessi er að beiðni Karls Vilbergssonar, aðstoðarsaksóknara, en umræddu bréfi var beint sérstaklega til hans.

Þorsteini er kunn vitnaskyldan og vitnaábyrgðin. Hann er jafnframt áminntur um sannsögli.

Þorsteinn gerir eftirfarandi athugasemdir vegna afgreiðslu málsins hjá lögreglu og ákærvaldi:

1. Sönnunargögn voru ekki rétt metin af lögreglunni í Reykjavík.
2. Gagnaöflun lögreglu var ekki í samræmi við venjubundið verklag og lög.
3. Rökstuðningur lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 3. nóvember 2006, uppfyllti ekki stjórnsýslulög.
4. Afstaða ríkissaksóknara til kæru Þorsteins, dags. 22. maí 2008, er óeðlileg hvað varðar tilvísun til 142. gr. alm. hgl.
5. Ríkissaksóknari braut gegn stjórnsýslulögum með því að vísa í rökstuðning sem uppfyllir ekki stjórnsýslulög.

Þorsteinn gerir nánari grein fyrir þessum athugasemdum sínum með eftirfarandi hætti:

Hvað varðar 1. tölulið ofangreindra athugasemda, þ.e. að sönnunargögn hafi ekki verið metin rétt af lögreglu vísar þorsteinn til niðurfellingarbréfs lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 3. nóvember 2006. Neðarlega á bls. 2 segir m.a. eftirfarandi:

„Ljóst þykir af kærugögnum að samantektin hafi verið gerð til notkunar innan bankans sem upplýsing til bankaráðs bankans í tilefni af kæru Þorsteins á hendur forráðamönnum bankans fyrir brot á þagnarskyldu. Verður því hvorki talið að samantekt þessi geti talist skjal í merkingu XVII. kafla hegningarálaganna né að hún hafi verið notuð í viðskiptum í því skyni að byggja á því rétt.“

Þorsteinn bendir á að þegar skjal er útbúið til notkunar hjá bankaráði bankans og innri endurskoðandi hans staðfestir að efni þess sé rétt. Í hljóti að felast að um sé að ræða skjal sem ætlað er upplýsingargjafar við ákvarðanatöku af hálfu bankaráðsins. Það er því fráleitt að halda því fram að gerð skjalsins, og notkun þess innan bankans, beri það með sér að það eigi ekki að byggja á því rétt, heldur þvert á móti hafi gerð þess og tilgangur einmitt verið sa að leggja það til grundvallar við ákvarðanatöku bankaráðsins.

Þorsteinn vill einnig benda á að hlutverk innri endurskoðanda banka var bæði skilgreint í þáverandi og núverandi lögum um fjármálfyrirtæki. Hann skilji þessi lagaákvæði þannig að innri endurskoðanda sé m.a. ætlað að gæta þess að um rétta upplýsingagjöf sé að ræða af hálfu bankans, bæði inn á við og út á við. Innri endurskoðandi KB-banka hafi hins vegar staðfest í bréfi til Þorsteins, dags. 10. maí 2001, að efni vefengda skjalsins væri rétt. Í framhaldi af því hafi verið lagðir fram vaxtaútreikningar af hálfu bankans, að kröfum úrskurðarnefndar um upplýsingamál, til frekari staðfestingar á réttmæti skjalsins. Þá hafi Sigurður Einarsson,



stjórnarformaður KB-banka, sem og aðrir stjórnarmenn, neitað að leiðréttu skjalið á grundvelli þeirra gagna sem lögreglustjóriinn í Reykjavík kallar bankagögn í bréfi sínu til Fjármálaeftirlitsins 3. mars 2006. Hins vegar hafi stjórn KB-banka, í bréfi sínu til Þorsteins, dags. 4. febrúar 2004, sagt að forsendur fyrir gerð skjalsins væru að sýna fram á að bankinn hafi orðið fyrir verulegu tapi vegna viðskipta sinna við umrædda viðskiptamenn.

Þá lýsir lögreglustjóriinn í Reykjavík því yfir sjálfur, í áðurgreindu bréfi til Fjármálaeftirlitsins, að vefengda skjalið verði ekki skilið á annan veg en að bankinn haf tapað 45.631.274 kr. vegna vangreiddra dráttarvaxta nefndra fyrirtækja Þorsteins. Hann spyr að því hvernig sé hægt að skilja skjal með þessum hætti ef ekki á að byggja á því rétt.

Þá bendir Þorsteinn á að í niðurfellingarbréfi lögreglustjóra, dags. 3. nóvember 2006, sé tekið fram á bls. 2 hvað varðar gerð vefengda skjalsins, að í því sé ekki vísað til gagna og eru reyndar allir fyrirvarar gerðir um að gögn hafi ekki verið fyrir hendi varðandi tölulegar niðurstöður þess.

Þorsteinn er þessu algjörlega ósammála, þ.e. að þeir fyrirvarar, sem gerðir eru í hinu vefengda skjali, staðfesti að gögn hafi ekki verið fyrir hendi í bankanum þegar skjalið var útbúið. Það rétta er að bankinn hafði alltaf haft aðgang að nauðsynlegum gögnum, bæði í innri kerfum sem og hjá Reiknistofu bankanna. Annað sé fyrirsláttur af hálfu bankans eins og ranglega er fullyrt í bréfi bankans til hans þann 5. október 2004, en þar segir m.a. að starfsmaðurinn, sem útbjó skjalið, hafi hvorki haft undir höndum stöðulista né útprentun úr afurðalanakerfi. Með þessu er gefið í skyn að viðkomandi starfsmaður hafi ekki haft aðgang að tölvukerfi bankans.

Hvað varðar athugasemdir sínar í tölulið 2 hér að framan, þ.e. að gagnaöflun lögreglu hafi ekki verið í samræmi við venjubundið verklag og lög, segir Þorsteinn að lögreglu hafi borið að ganga eftir því við Fjármálaeftirlitið að það svaraði öllum þeim spurningum, sem er að finna í áðurgreindu bréfi lögreglustjórans til eftirlitsins, dags. 3. mars 2006, eða eftir atvikum leita svara við þeim spurningum með öðrum hætti. Það var hins vegar ekki gert og þar af leiðandi liggur ekkert fyrir um bankagögnin, sem bankinn kaus að horfa fram hjá við gerð skjalsins, þ.e. hvar þau hafi verið vörsluð o.s.frv. Þá liggur ekki fyrir hvort Fjármálaeftirlitið hafi verið blekkt með framvísun skjalsins í samskiptum bankans við þá stofnun og ekki heldur hvort eftirlitið hafi gögn og upplýsingar um frekari lögskipti bankans með skjalið. Þar að auki liggur ekki fyrir hvort Fjármálaeftirlitið telji skjalið rangt í skilningi 146. gr. almennra hegningarlaga.

Þorsteinn segir að í stuttu máli megi segja að Fjármálaeftirlitið hafi einhverra hluta vegna kosið að víkja sér undan því að svara öllum spurningum lögreglu sem er að finna í 5 töluliðum í framangreindu bréfi lögreglustjórans, dags. 3. mars 2006. Það hljóti að hafa verið skylda lögreglu og ákærvalds að ganga á eftir því með einum eða öðrum hætti að fá svör við öllum þessum spurningunum, til þess séu ýmis úrræði lögum samkvæmt, s.s. að taka vitnaskýrslur af viðkomandi starfsmönnum eftirlitsins, annað hvort hjá lögreglu eða fyrir dómi.

Þorsteinn segir jafnframt að samskipti í formi bréfaskrifa og/eða tölvupóstsendinga milli lögreglu og þáverandi starfsmanns Fjármálaeftirlitsins, Kristins Arnars Stefánssonar, sem áttu stað fyrir nefnd bréfaskrif lögreglustjórans þann 3. mars 2006, sé hvergi að finna í gögnum málsins. Nánar aðspurður um þetta kveðst Þorsteinn ekki geta skýrt þetta frekar.

Um 3. tölulið sinna athugasemda, þ.e. að rökstuðningur lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 3. nóvember 2006, uppfylli ekki stjórnsýslulög, segir Þorsteinn að samkvæmt stjórnsýslulögum eigi rökstuðningur stjórnvaldsákvarðana að vera stuttur, en þó það greinargóður að búast megi við það að aðili geti skilið af lestri hans hvers vegna niðurstaða máls hafi orðið sú sem raun varð á. Því sé ekki til að dreifa í frávísunarbréfi lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 3. nóvember 2006. Hann geti t.d. ekki séð í rökstuðningnum neins staðar hvers vegna ekki eigi að byggja rétt á skjali sem sent hefur verið Fjármálaeftirlitinu sem svar við fyrirsprung. Þetta hafi verið í máli sem varðar misræmi í upplýsingagjöf bankans, bæði inn á við og út á við. Það séu því með öllu óskiljanleg þau sjónarmið lögreglustjórans að skjalið hafi verið sent Fjármálaeftirlitinu án þess að þess að það hafi haft tilgang að veita réttar upplýsingar.

Þá er það óútskýrt með öllu að skjalið, sem er óumdeilt dómskjal, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sé

ekki skjal í merkingu XVII. kafla hegningarlaga eins og haldið er fram í niðurlagi rökstuðningsins. Skjöl sem lögð eru fyrir dómstóla hljóta að teljast sýnileg sönnunargögn. Skjöl sem eru sýnileg sönnunargögn eru skjöl í merkingu XVII. kafla alm. hgl. að álti Þorsteins. Þau sjónarmið eða réttarreglur, sem liggja að baki þeiri skoðun að hið vefengda skjal er frábrugðið öðrum dómskjólum, hafa ekki komið fram af hálfu lögreglustjóra. Samkvæmt þessu telur Þorsteinn að umræddur rökstuðningur lögreglustjóra uppfylli ekki 22. gr. stjórnsýslulaga.

Um 4. tölulið athugasemdanna, þ.e. að afstaða ríkissaksóknara til kæru Þorsteins, dags. 22. maí 2008, hvað varðar tilvísun til 142. gr. alm. hgl., segir hann að rökstuðningur ríkissaksóknara sé óeðlilegur. Nánar um þetta segir Þorsteinn að röng heimfærsla á brotinu, þ.e. að 142. gr. alm. hgl. nái ekki yfir vefengda skjalið, hafi ekki sjálfkrafa átt að leiða til þess að sakarefnið yrði ekki rannsakað, sérstaklega í ljósi þess að það eru í gildi sérlög um Fjármálaeftirlitið þar sem refsíramminn er 2 ár við að gefa því rangar upplýsingar. Það hefði því átt að líta sjálfkrafa til þeirra sérlaga ef 142. gr. alm. hgl. var ekki talin eiga við í þessu tilviki.

Þá fullyrðir Þorsteinn að ríkissaksóknari hafi brotið mjög alvarlega gegn stjórnsýslulögum með því að vísa til rökstuðnings lögreglustjórans í Reykjavík, sem samkvæmt framansögdum uppfyllir ekki skilyrði stjórnsýslulaga, við staðfestingu á þeiri ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík að hætta rannsókn málsins. Það er að hans mati óheimilt hjá æðra stjórnvaldi að vísa til rökstuðnings lægra setts stjórnvalds við afgreiðslu kærumáls, uppfylli hann ekki skilyrði stjórnsýslulaga. Það er augljóslega ógn við réttaröryggið viðhafi ríkissaksóknari slík vinnubrögð.

Þorsteinn telur að þrátt fyrir að þetta máli varði mjög mikla fjárhagslega hagsmuni, bæði hjá honum og bankanum, sé það síður en svo hans einkamál hvernig hið vefengda skjal var notað. Það sé með öllu óeðlilegt að bankinn komist upp að gefa út rangar yfirlýsingar, hvort sem er til notkunar innan bankans eða utan hans, þetta varði alla þá sem eiga með einum eða öðrum hætti viðskipti við bankann. Einnig brýtur það gegn hagsmunum almennings að jafn mikilvægur aðili í þjóðfélaginu og viðskiptalifinu, eins og viðskiptabanki er, geti óátalið komist upp með að gefa stjórnvöldum vísvitandi rangar upplýsingar eins og ljóst er að gert var í umræddu tilviki.

Að lokum gerir Þorsteinn þá kröfu að afgreiðsla þessa máls verði skoðuð í ljósi framangreindra athugasemda og málið eftir atvikum tekið aftur til rannsóknar.

Staður: Hverfisgata 113 - 115

Dags. 06.06.2008 12:48

Skýrslunaritari

Baldvin Einarsson

Staðfest

Þorsteinn Helgi Ingason



þjóðfélaginu
viðskiptalifinu



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Tilv. 010-2005-45973

Reykjavík, 10. nóvember 2006
BE/-

Þorsteinn Helgi Ingason
Hátúni 6
105 REYKJAVÍK


Hér með staðfestist, samkvæmt yðar beiðni, að Helgi Sigurðsson, lögfræðisviði
Kaupþings banka hf., hafði þann 11. september sl. samband við undirritaðan til að
kanna stöðu ofangreinds máls er varðar ætluð brot þáverandi innri endurskoðanda
bankans í tengslum við gerð skjals, dags. 25. nóvember 1999, sem barst síðan
Fjármálaeftirlitinu vegna fyrirspurnar.

Undirritaður staðfesti að kæra yðar frá 24. nóvember 2005 væri til meðferðar hjá
lögreglunni í Reykjavík. Jafnframt kom fram að búið væri að taka skýrslu af yður en
eftir væri að ákveða framhald málsins.

Helgi óskaði í lok símtalsins eftir því að þeirri ákvarðanatöku yrði flýtt sem og frekari
meðferð málsins svo bankinn þyrfti ekki að sitja undir þessum ásökunum.

Annað sem kann að hafa komið fram í samtali okkar hefur ekki þýðingu í málinu.

F.h. lögreglunnar í Reykjavík



Baldvin Einarsson, lögreglufulltrúi.